

**Erindisbréf fyrir siðanefnd
Sambands íslenskra sveitarfélaga**

13. ágúst 2013

1201017SA
Málalykill: 091

Skipan nefndarinnar

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga skipar þriggja manna siðanefnd til fjögurra ára í senn. Einn þeirra sem skipaður er hefur sérþekkingu á sviði siðfræði, einn sérþekkingu á sviði lögfræði og sá þriðji víðtæka reynslu af sveitarstjórnarmálum. Stjórn sambandsins skipar formann og varafomann nefndarinnar.

Hlutverk nefndarinnar

Nefndin starfar á grundvelli 29. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 þar sem segir:

„Sveitarstjórn skal setja sér siðareglur sem sendar skulu ráðuneytinu til staðfestingar. Ef siðareglur eru í gildi skal ný sveitarstjórn meta hvort ástæða sé til endurskoðunar þeirra. Ef niðurstöðan er sú að siðareglur þarfist ekki endurskoðunar halda þær gildi sínu. Tilkynna skal ráðuneytinu um þá niðurstöðu.“

Siðareglur sveitarstjórnar skulu birtar opinberlega á vefsíðu sveitarfélagsins eða á sambærilegan hátt.

Öllum kjörnum fulltrúum í sveitarstjórn og nefndum og ráðum sem sveitarstjórn skipar ber að haga störfum sínum í samræmi við settar siðareglur.

Samband íslenskra sveitarfélaga skipar nefnd sem veitt getur álit um siðareglur og um ætluð brot á þeim. Ráðuneytið getur boríð tillögur sveitarstjórnar um siðareglur undir nefndina ádur en það tekur þær til staðfestingar.“

Helstu verkefni

1. Að veita ráð um efni og framsetningu siðareglna og endurskoðun þeirra.
2. Af gefa út almennar leiðbeiningar til sveitarfélaga um túlkun siðareglna eftir því sem tilefni eru til.
3. Að fjalla almennt um skýringar á ákvæðum siðareglna með það fyrir augum að málum verði beint í réttan farveg. Nefndin hefur ekki úrskurðarvald um hvort siðareglra hafi verið brotin í ákveðnu tilviki heldur beinist umfjöllun hennar að því hvernig hægt sé að færa mál til betra horfs í framtíðinni.
4. Að veita sambandinu og stjórn þess aðstoð þegar þörf er á sérþekkingu sem nefndarmenn búa yfir, m.a. vegna námskeiða- og ráðstefnuhalds.

Fundir og málsmeðferð

- Fundir eru haldnir eftir þörfum.

- Í álitamánum varðandi túlkun á siðareglum tiltekins sveitarfélags skal að jafnaði miða við að nefndin taki slík mál til meðferðar á fundi, ef tveir eða fleiri fulltrúar í sveitarstjórn standa að baki ósk um umfjöllun nefndarinnar.
- Siðanefnd gerir tillögu til stjórnar sambandsins um nánari málsmeðferðarreglur þar sem m.a. er fjallað um birtingu árita og annarra niðurstaðna og skilyrði þess að mál sé tekið til umfjöllunar. Umboð siðanefndar nær ekki til þess að afla gagna eða rannsaka málsatvik með sjálfstæðum hætti.

Boðun funda, fundargerðir og önnur ritaraþjónusta

- Formaður boðar fundi með skriflegri dagskrá með hæfilegum fyrirvara og stjórnar fundum nefndarinnar.
- Sambandið veitir nefndinni ritaraþjónustu og situr starfsmaður þess fundi hennar og gengur frá fundargerðum í samráði við fundarmenn.
- Fundargerðir eru lagðar fyrir stjórn sambandsins til kynningar eða eftir atvikum til staðfestingar á einstökum liðum eða tillögum, en eru að öðru leyti ekki til opinberrar birtingar.

Kostnaður af störfum nefndarinnar

- Greidd er þóknun fyrir starf í nefndinni, þ.e. tiltekin fjárhæð fyrir hvern setinn fund, svo og ferðakostnaður þeirra sem búa utan höfuðborgarsvæðisins, sbr. reglur sambandsins um greiðslur fyrir setu í fastanefndum.

Erindisbréf þetta var samþykkt af stjórn
Sambands íslenskra sveitarfélaga
13. september 2013.



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri